

**Opinn vinnudagur starfsfólks heilbrigðisþjónustunnar
7. apríl 2009**

**Málstofa: Heilbrigðisþjónusta á krepputímum
(samantekt)**

UNDANFARI UMRÆÐU – hugleiðingar Sigurðar Guðmundssonar

Skilyrði fyrir heilbrigðisþjónustu

- Frumþarfir, þurfum að hafa í okkur og á, hafa ákveðið félagshlutverk
- Hreinlæti (sanitary), hreint vatn o.s.frv.
- Jafnræði
- Friður
- Pólitískur vilji þarf að ríkja fyrir þessum atriðum

Hvernig fólk bregst við aðstæðum kreppunnar

Lífsstíll, félagslegar aðstæður, regluverk stjórnvalda, sjúkdómar sem fólk er með áður en kreppan skellur á, allt þetta hefur áhrif.

Hvaða áhrif mun það hafa ef að uppsagnir verða í heilbrigðisþjónustunni

- þurfum að hafa í huga hvernig við stöndum í mönnun (könnun 2003)
- það er skortur á hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum, vantar um 500-800 hjúkrunarfræðinga inn í kerfið.
- mönnun lækna góð
- ekki á of miklu að taka
- til að sinna sjúklingum vel er mönnun eitt af aðalatriðunum varðandi öryggi sjúklinga

Hvernig mun þjónustan mótast á krepputímum

Markmiðið verður að vera sjúklingurinn sjálfur – láta þarfir sjúklingsins ráða
Ekki láta stéttarmúrana vera fyrir því að hafa sjúklinginn í fyrirrúmi

Ef það þarf að taka niður heilbrigðisþjónustuna um 10% til viðbótar – hvernig eigum við að gera það?

- 1) Á að ráðast á mönnun:
 - laun eru 75% af fjármögnuninni –er hægt að tálga þar?
 - viljum við frekar lækka launin en að taka á okkur uppsagnir?
 - eru einhverjir samningar sem hægt er að taka af?
 - er verkaskiptingin í lagi? Er hún hindrandi?
 - geta leikskólakennarar metið þroska barna eins og heilbrigðisstarfsfólk?
- 2) Er einhver þjónusta sem má missa sín?
- 3) Er eitthvað sem má samþætta betur?

UMRÆÐA:

Hvernig er hægt að tryggja góða heilbrigðisþjónustu á krepputímum?

- Mikilvægt að hægt sé að treysta forystunni í heilbrigðismálum
- Þurfum að byrja á okkur sjálfum, hver og einn þarf að huga að því að reka sína þjónustu vel.

- Þurfum að skipta kökunni á milli okkar og deila ábyrgð ekki bara í orði heldur einnig fjárhagslegri ábyrgð. Hætta að tala um sparnað.
- Mikilvægt að friður ríki á vinnustöðum.
- Þurfum að vita hvert við erum að róa og stefna þangað öll saman.
- Klínískar leiðbeiningar og verklagsreglur mikilvægar.
- Hvernig er ódýrast að þjóna sjúklingum
- Kallað eftir samstarfi og dínámík, samstarf milli stétta.
- Spyrjum sjúklinginn að því hvað hann vill.
- Minnka sóun í heilbrigðiskerfinu
- Aðgengi. Tryggja að sjúklingar leiti á réttan stað eftir þjónustu.
- Jafnræði stéttanna – jafnræði sjúklinganna.
- Hvar finnast tekjumöguleikar – “cross boarder healthcare” – 2011 mun EU opna fyrir þann möguleika að sjúklingar geti leitað sér að þjónustu í öðru landi. Reproductive tourism. Nýsköpun – hugsa um ný rekstrarform og þjónustuform.
- Veita þjónustu á réttu þjónustustigi. Hvernig hleypum við sjúklingum inn í kerfið – í Bretlandi er fyrsta viðmótið á www.nhs.co.uk – sjúklingar leiddir inn í kerfið – ódýrt – interactive þjónusta.
- Getur heilsugæslan tekið við þessu öllu – erum við með nógu marga heilsugæslulækna. Margt búið að gera en hvernig á þetta að skila hagræðingu. Þurfum að byggja upp kerfið þrátt fyrir að nú sé krepputími.
- Forgangsröðun mikilvæg.
- Skortur á heimilislæknum – fagurgali að ætla að tryggja grunnþjónustuna því við höfum svelt hana svo lengi.
- Stýring á sjúklingi er galin – verður að stýra honum og það verður að vera gert í gegnum heimilislæknaþjónustuna.
- Þurfum upplýsingar frá þeim sem nota þjónustuna og þurfum að leita eftir henni.
- Vitum ekki hvað við getum gert í að selja þjónustu til erlendra aðila þ.e. í “cross boarder healthcare” – samstarf við útflutningsráð til að skoða þetta.
- Nú þegar er veitt ráðgjöf með hjúkrunarfræðingum í gegnum netið væri líka hægt að gera þetta með læknum.
- Heildarkerfið – vantar hvað við eigum að gera? Auðvitað þurfum við að taka á okkar byrðir – erum með samkennd – þarf að reikna þetta út. Þurfum að ákveða hvað við viljum gera.
- Lækkun um einn launaflokk yfir kerfið er 5% lækkun á kerfinu!
- þurfum að gera kerfisbreytingu ef við þurfum að minnka kerfið um 10% til viðbótar.
- Spörum forræðishyggjuna – skoðum oflækningar þ.e. ofmeðferð.

Hvaða áhrif hefur atvinnuleysi á heilbrigðisþjónustuna

- Þarf meiri samvinnu ráðuneyta t.d. samvinna menntamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis vegna forvarna fyrir börn.
- Íslendingar geta líka farið erlendis– búum í heimi sem er að minnka. Fólk getur leitað að vinnu og þjónustu milli landa.
- Traust – gegnsæi – opnar bækur. Verðum að treysta því að verið sé að gera hlutina rétt.
- þurfum að rísa undir því trausti sem á okkur er lagt.

- það kostar að spara – höfum við af einhverju að taka – þurfum að auka grunnþjónustu og stýra sjúklingunum.
- Álag á heilbrigðisstarfsmenn eykst á krepputímum. Hvað er hægt að gera fyrir heilbrigðisstarfsfólk – mikilvægt að halda vinnunni. Vilji stjórnvalda að komast hjá uppsögnum.
- Ekki sjúkdómsvæða atvinnuleysi. Spyrjum fólk að þessu?
- Er of mikið ginnungagap á milli heilsugæslu og félagsþjónustu.
- Bretar eru með „walk in clinics” – reknar af t.d. hjúkrunarfræðingum. “Screena” rétt – viðmótið við heilsugæsluna getur verið heima í gegnum tölvuna - lækkun múra.
- Þverfagleg vinnubrögð mikilvæg.
- Starfsmannastefna er mikilvæg – fólk verður að líða vel í vinnunni – góður starfsandi mikilvægur.
- Mikilvægt að læra af öðrum þjóðum – Finnar eru nú að kljást við gríðarleg geðræn vandamál – ekki gera eins og Finnar!
- Jákvætt að Finnar lögðu mikið í menntun í kreppunni.
- Ákveðið stigma að fara inn á félagsþjónustuna – ferð frekar og ræðir við heilsugæsluna. – Sameina heilsugæsluna og velferðarsviðið – einn staður sem fólk leitar á. Fjölbreyttari hópur á heilsugæslustöð, gert í Garðabæ og reynist vel. Heildstæðari þjónusta fyrir fólk.
- Sameining félags- og heilbrigðisþjónustu.

Hvernig fyrirbyggjum við að fólk flytji úr landi – uppsagnir

- Fólk að verða gjaldþrota – fólk verður að fara utan til þess að ná sér í laun til þess að halda sér frá gjaldþroti.
- Farið að óska eftir kandídötum í störf sérfræðinga. Verðum að styrkja grunnþjónustuna – kerfið í dag er götött.
- Félag Íslenskra hjúkrunarfræðinga segir að hjúkrunarstéttin sé farin að finna fyrir uppsögnum.– einhverjir ríkisstarfsmenn eiga rétt á biðlaunum og því erum við ekki farin að sjá þessa aðila á atvinnuleysissskrá.
- Í lagi ef fólk fer tímabundið erlendis en þar sem fyrirséð er að mikill fjöldi í mörgum heilbrigðisstéttum er að fara á eftirlaunaaldur eftir ca. 5 ár og ef kreppunni verður þá lokið þá erum við verr stödd en í dag með skort á heilbrigðisstarfsfólki.
- Er hægt að nota atvinnuleysisbæturnar til að fá fólk til að vinna?
- Oft erfitt að reka fólk – starfsfólk þarf að standa sig og nú er tíminn til að hreinsa til – tækifæri í kreppunni.
- Breyting á legudeild í 5 daga deild – sparnaðurinn á að vera í að færri störfum en þetta hefur oft ekki skilað sér.
- Nemar sem eru að koma inn í kerfið gætu endað sem „týnda kynslóðin” enga atvinnu fyrir þá að fá núna. Þegar kreppunni lýkur eru nýjar kynslóðir að útskrifast sem eru frekar ráðnar en þær „týndu.”

Hvernig bregst starfsfólk við álagi - Erum við að fara inn í kerfi þar sem við höfum færri starfsmenn og meira álag

- Mun þetta hafa áhrif á gæði þjónustunnar - þá þarf að ákveða að það sé í lagi.
- Fella þarf múra milli heilbrigðisstétta og skoða hvernig hægt er að dreifa ábyrgð.

- Af hverju getum við ekki gert hlutina öðruvísi?

Erum við að sinna uppbyggingu eða niðurrifi

Tími liðinn og ekki náðist því að fara í þessa umræðu.

SAMANTEKT

- **Forgangsröðun – ganga ekki nær þjónustunni en þurfa þykir**
- **Samráð um hvar skórinn kreppir**
- **Vernda grunnþjónstuna**
- **Vísa sem mestu á sem lægst þjónustustig**
- **Hvað vilja sjúklingarnir**
- **Traust og gagnsæi í ákvarðanatöku**
- **Heildstæðari þjónustuform – samþætting þjónustunnar**
- **Múrar milli starfsstétta þurfa að minnka**
- **Tækifæri í rafrænum samskiptum**
- **“Medical turism” – innflutningur á sjúklingum til landsins**
- **Klínískar leiðbeiningar mikilvægar**
- **Að tryggja gæði skal haft í fyrirrúmi og forgangsröðun á að taka mið af því**
- **Af hverju ekki? – af hverju getum við ekki gert hlutina öðruvísi? – breyta verklagi og vinnulagi til að koma okkur í gegnum þennan vanda sem við að sjálfsögðu munum gera.**